

Minnisblað

ALCOA númer:	N/A
HRV númer:	H001-05-000-008-S
Dagsetning:	2012-10-08
Verkefni:	Hljóðmælingar vegna starfsleyfis
Höfundur:	Halldór K Júlíusson
Tilvísun / efni:	Samanburður við reglugerð

Í nýlegri skýrslu um hávaðamælingar við álverið í Reyðarfirði vegna starfsleyfis mældist jafngildishljóðstigið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Mælipunktur .	Tímabil	L_{Aeq} [dB(A)]	Reglugerðar- mörk	Athugasemdir
1 Selstaðir	Dagur	44		
	Kvöld	50		Létt rigning
	Nótt	50		Létt rigning
2 Fyrir neðan vinnubúðir	Dagur	71		Stöðug bílaumferð
	Kvöld	40		Rigning
	Nótt	40		sama mæling og kvöld
5 Álver innkeyrsla vestur	Dagur	65	70	Umferð um hlið
	Kvöld	57	70	Rigning
	Nótt	57	70	sama mæling og kvöld
6 Álver norður-vestur	Dagur	59	70	
	Kvöld	55	70	Rigning
	Nótt	56	70	sama mæling og kvöld
7 Álver við upplýsingaskilti	Dagur	66	70	Stöðug bílaumferð
	Kvöld	59	70	Áhrif frá bílum klippt út
	Nótt	59	70	sama mæling og kvöld
8 Álver austurendi	Dagur	48	70	
	Kvöld	54	70	Umferð til og frá álveri
	Nótt	49	70	2 bílar óku hjá
10 Hólmar	Dagur	49		Stöðug bílaumferð
	Kvöld	51		Töluverð bílaumferð
	Nótt	34		Engin bílaumferð

Í töflunni er einnig dalkur sem sýnir mörk hávaða sem koma fram í Reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Þar sést að mælt jafngildishljóðstig í námunda við lóðarmörk álversins er undir mörkum reglugerðar. Ekki eru sett inn mörk fyrir mælipunkta fjær álverinu þar sem viðmiðunarmörk í þeim punktum eru háð skilgreiningu svæðisins í deiliskipulagi.

Sé svæðið óskilgreint mætti hugsanlega segja að reglugerð um hávaða eigi ekki við þar, en sé svæðið t.d. ætlað undir frístundabyggð eru mörk reglugerðar fyrir jafngildishljóðstig 35 dB(A), sjá nánar í eftirfarandi töflu.

Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund húsnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	$L_{Aeq(07-19)}$		$L_{Aeq(19-23)}$		$L_{Aeq(23-07)}$		L_{AFmax} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnæði á versunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Frístundabyggð	35		35		35		35
Leik- og grunnskólar	50*	30					
Kennslurými framhaldsskóla		30					
Hávaðalitlir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		30					

Í mæliniðurstöðum sést að hávaðamælingar við Hólma uppfylla kröfur um hávaðamörk fyrir frístundabyggð en mælipunktur við Selstaði og fyrir neðan vinnubúðir gera það ekki. Hér er miðað við mæld næturgildi.

Niðurstaða

Mælt jafngildishljóðstig við lóðarmörk álversins er fyrir neðan mörk reglugerðar um hávaða.